



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2021050115

27. maí 2021

Breytt fyrirkomulag umferðar á Geirsgötu í tengslum við uppbyggingu Austurhafnar

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að:

- Gönguþverun yfir Geirsgötu móts við Reykjastræti verði stjórnað umferðarljósum.

Greinargerð

Í tengslum við uppbyggingu Austurhafnar í samræmi við deiliskipulag svæðisins hefur skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar unnið að frágangi svæðisins í samstarfi við skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Reykjastræti er skv. skipulagi göngugata/stofnstígur sem liggur milli Hafnarstrætis og Hörpu. Þegar Reykjastræti opnar má búast við töluverðri umferð gangandi vegfarenda yfir götuna. Með hliðsjón af fjölda gangandi vegfarenda, fjölda akreina á Geirsgötu og því að umferð bíla er einnig mikil er æskilegt út frá sjónarmiðum umferðaröryggis að umferðarljós séu á gönguþveruninni.

Á Geirsgötu eru þegar tvær ljósastýrðar gönguþveranir. Önnur er móts við Hafnarhúsið og hin er móts við Tollhúsið. Umferðarljósinn við Tollhúsið hafa þó ekki verið í notkun að undanfögnu vegna framkvæmda á svæðinu. Gert er ráð fyrir að ljósabúnaður þeirra sem er kominn til ára sinna verði endurnýjaður samhliða framkvæmdinni. Gangbrautarljósinn og umferðarljósinn á gatnamótum Geirsgötu/Lækjargötu/Kalkofnsvegi verða samstillt. Undirbúningur vegna endurnýjun ljósanna og vegna gerð nýrrar ljósastýrðar gönguþverunar hefur verið unninn í samstarfi við Vegagerðina sem er veghaldari Geirsgötu.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
deildarstjóri samgangna



Mynd 1 Gildandi deiliskipulag Austurhafnar



Mynd 2 Geirsgata við Austurhöfn. Lagt er til að gönguþverur yfir Geirsgötu verði stjórnað með umferðarljósum.